

Fundargerð

Stjórnarfundur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar.

Haldinn 13. desember 2024.

Staður: Fundarherbergi / skrifstofa 1. hæð Íþróttahúsinu við Strandgötu.

Hófst kl.16.30 og lauk kl.17.55.

Mætt: Hrafnkell Marinósson, Hildur Vilhelmsdóttir, Anna Lilja Sigurðardóttir, Ragnar Hilmarsson, Aðalbjörg Óladóttir, Magnús Gunnarsson, Viðar Halldórsson, Arnfríður Kristín Arnardóttir og Már Sveinbjörnsson.

Dagskrá:

- 1. Heimasíða ÍBH**
Umræður um endurbætur á heimasíðu ÍBH. Ákveðið að skipa nefnd innan stjórnar ÍBH um endurbætur á heimasíðu ÍBH. Hana skipa, Hildur Vilhelmsdóttir, Ragnar Hilmarsson og Magnús Gunnarsson.
- 2. Frístundabíll fundur með Hafnarfjarðarbæ 3. desember sl.**
Glærur af fundinum lagðar fram til kynningar og umræðna.
- 3. Lög Brettafélags Hafnarfjarðar**
Bréf dagsett 25. nóvember sl. frá ÍSÍ, þar sem staðfestar eru breytingar á lögum Brettafélags Hafnarfjarðar sem voru gerðar á aðalfundi félagsins þann 22. október sl. Stjórn ÍBH staðfestir einnig breytingarnar án athugasemda.
- 4. Lög Pílukastfélags Hafnarfjarðar**
Bréf dagsett 9. desember sl. frá ÍSÍ, þar kemur fram að ÍSÍ hafi tekið lög Pílukastfélags Hafnarfjarðar fyrir sem voru samþykkt á aðalfundi félagsins þann 4. apríl sl. ÍSÍ gerir athugasemdir við lögina sem eru teknar fram í bréfinu og er félagið beðið um að lagfæra lögina í samræmi við athugasemdir bréfsins. Stjórn ÍBH staðfestir athugasemdir ÍSÍ og gerir engar frekari athugasemdir.
- 5. Íþróttældhugi ársins 2024**
Bréf frá ÍSÍ dagsett 21. nóvember sl. lagt fram til kynningar og umræðna. Póstur ÍSÍ var framsendur á aðildarfélög ÍBH. Kjörinu lauk 5. desember sl. Viðurkenningin verður afhent á Íþróttamanni ársins.
- 6. Golfklúbburinn Setberg 30 ára 27. nóvember 2024**
Formaður ÍBH, heimsótti félagið á afmælisdaginn og afhenti félaginu áritaðann glergrip, blóm og peningagjöf frá ÍBH.
- 7. Sundlaugarmannvirki – skýrsla frá Sundsambandi Íslands**
Skýrsla sem Sundsamband Íslands tók saman árið 2024, lögð fram til kynningar.
- 8. Dagur sjálfboðaliðans 2024**
Bréf frá ÍSÍ dagsett 26. nóvember sl. lagt fram til kynningar. Bréfið var framsent á aðildarfélög ÍBH. Dagur sjálfboðaliðans 2024 var haldinn 5. desember sl., með

Þessum degi er verið að vekja athygli á sjálfboðaliðum í íþróttahreyfingunni, án þeirra er ekki hægt að halda mót / viðburði í íþróttahreyfingunni, auk þess er verið að þakka sjálfboðaliðum fyrir þeirra framlag til íþróttahreyfingarinnar.

9. Bréf frá STEF

Bréf frá ÍSÍ dagsett 2. desember sl. til leiðbeiningar fyrir íþróttahreyfinguna vegna bréfs sem STEF sendi þann 25. nóvember sl. á íþróttafélög og sérsambönd innan ÍSÍ vegna notkunar á tónlist í íþróttastarfsemi. Íþróttahreyfingin er beðin um að aðhafast ekkert í málinu fyrr en frekari leiðbeiningar frá ÍSÍ verða birtar varðandi þetta mál.

10. Formannafundur ÍSÍ 2024

Var haldinn þann 22. nóvember sl. í félagsheimili Þróttar Reykjavík. Stjórnarmönnum ÍBH var bent á það að öll gögn af fundinum væru á heimasíðu ÍSÍ.

11. Ferðasjóður íþróttafélaga

Bréf frá ÍSÍ þann 4. desember sl. lagt fram til kynningar. Bréfið var framsent á aðildarfélög ÍBH. Öll aðildarfélög ÍBH eru hvött til að kynna sér sjóðinn og sækja um í hann ef þau eiga rétt á því, umsóknargáttin lokar 13. janúar 2025.

12. Til sambandsaðila ÍSÍ / Arðgreiðsla frá Íslenskri getspá

Íslensk getspá samþykkti að greiða eignaraðilum sínum 500 m.kr. aukaarðgreiðslu. Hlutur ÍSÍ í þeirri greiðslu var kr. 233.350.000. 50% af hluta ÍSÍ fer í viðhalds- og byggingarsjóð ÍSÍ og 50% voru greiddar út skv. úthlutunarreglum ÍSÍ um lottó. Hlutur ÍBH í þessari greiðslu var kr. 3.795.914. Stjórn ÍBH samþykkti að greiða hlut ÍBH í Afrekssjóð ÍBH og var framkvæmdastjóra ÍBH falið að ganga frá því.

13. Umsókn ÍSÍ bikar

Kynning á umsóknum. Eitt félag valið. Afhending ÍSÍ bikarsins fer fram á Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar föstudaginn 27. desember nk.

14. Önnur mál

Engin.

Fundarritari: Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH.